


Nr.: FRM-001	Tækniskólinn	Tækniskólinn skóli atvinnulífsins 
Útgáfa: 1.0		
Dags: 07.09.2018		
Eig: Skólameistari	5.Tímabundinn ráðningasamningur kennara	
Ábm:		
Síða 1 af 2		

Tímabundinn ráðningarsamningur

1. gr. Samningsaðilar.

- 1.1 Tækniskólinn ehf. kt. 531202-3410 Reykjavík annarsvegar, hér nefnt Tækniskólinn og xxx kt xxx hinsvegar, í samningi þessum nefndur „starfsmaður“, gera með sér svohljóðandi ráðningarsamning.

2. gr. Starfssvið.

- 2.1 Starfsmaður starfar við Tækniskólann skóla atvinnulífsins sem kennari við xxx í xxx % starfi frá og með xx.xx.xx á starfsstöðvum skólans í Reykjavík og Hafnarfirði.
- 2.2 Starfsmaður starfar undir stjórn skólastjóra í umboði skólameistara og ber ábyrgð gagnvart honum. Starfsmaður ber ábyrgð á vinnuskyldu sinni til samræmis við kjarasamninga og lög og reglur sem í gildi eru um þá menntun sem veitt er af Tækniskólanum.

Skipting innri starfshlutfalla og ákvörðun um einstök dagleg verkefni skulu lúta sameiginlegri ákvörðun á grundvelli stefnumótunar Tækniskólans.

Um kennsluaðferðir, þróun kennslufræði og starfshátta fer eftir ákvörðun stjórnar skólans og skólameistara að höfðu samráði við starfsfólk.

Starfsmaður vinnur samkvæmt gæðaferlum Tækniskólans


Verkefni starfsmanns verða nánar tilgreind í starfslýsingu, eftir því sem við á.

3. gr. Launagreiðslur og þóknanir.

- 3.1. Laun starfsmanns fara eftir gildandi kjarasamningi milli Tækniskólans og Kennarasambands Íslands eins og hann er á hverjum tíma. Upplýsingar um launaröðun eru meðfylgjandi þessum samningi á sérstöku blaði.
- 3.2 Laun eru greidd inn á bankareikning starfsmanns nr. Xxx á kennitölu starfsmanns eftir á fyrsta virkan dag hvers mánaðar og er launaseðill rafrænn.
- 3.3 Verði breyting á heimilisfangi starfsmanns skal hann tilkynna það launabókhalda.

4. gr. Veikindi, orlof, lífeyrisgreiðslur og tryggingar.

- 4.1 Um rétt til launagreiðslna vegna veikinda og slysa svo og um tilhögun fæðingarorlofs fer samkvæmt kjarasamningi sbr. grein 3.1 í samningi þessum og lögum um starfskjör launþega.

Nr.: FRM-001	Tækniskólinn	Tækniskólinn skóli atvinnulífsins 
Útgáfa: 1.0		
Dags: 07.09.2018		
Eig: Skólameistari	5.Tímabundinn ráðningasamningur kennara	
Ábm:		
Síða 2 af 2		

- 4.2 Um rétt til orlofs starfsmanns vísast til kjarasamnings sbr. grein 3.1 í samningi þessum. Um töku orlofs og annað sem að því lýtur gilda lög um orlof.
- 4.3 Starfsmaður greiðir lögbundið iðgjald í lífeyrissjóð og greiðir Tækniskólinn lögbundið mótframlag til sjóðsins. Ákvæði um viðbótarlífeyrissparnað starfsmanns og mótframlag Tækniskólans til hans eru í samræmi við ákvæði kjarasamnings Kennarasambands Íslands og fjármálaráðaherra f.h. ríkissjóðs, eins og þau eru á hverjum tíma.

5. gr. Uppsögn, starfslok o.fl.

- 5.1 Samningur þessi er tímabundinn frá 01.08. xxxx til 31.07.xxxx en gagnkvæmur uppsagnafrestur eru þrjú mánuðir. Uppsögnin tekur gildi við mánaðarmót.
- 5.2 Launagreiðsla til 31.07. 20xx innifelur allt áunnið orlof og sumarlaun á ráðningatímabilinu.

6. gr. Annað.

- 6.1 Ráðningarsamningur þessi lýtur meðal annars ákvæðum þjónustusamnings Tækniskólans ehf. og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
- 6.2 Rísi ágreiningur um samning þennan, sem aðilar ná ekki að leysa sín á milli, má höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 6.3 Ráðningarsamningur þessi er gerður í tveimur samhljóða frumritum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Þannig gert í Reykjavík xx. xx 20xx

Tækniskólinn ehf.

Starfsmaður

Staðfesting skólameistara